

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66  
17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna „Til ársloka 1962“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 komi: Til ársloka 1965.

## 2. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 orðist þannig: Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu að jafnaði haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Ráðherra er heimilt að ákveða, að námskeið skuli haldið á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku. Þó skulu ekki haldin fleiri en tvö námskeið utan Reykjavíkur árlega.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins,  
landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. málsg. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7.15 millj. kr. árlega frá 1963—1985, að báðum árum meðtöldum.

## 2. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrsta málslíð 39. gr. laganna komi: 15 ha.

## 3. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrstu málsgrein 47. gr. laganna komi: 15 ha.